



Borgarráð

Reykjavík, 17. mars 2026

MSS26030018

Þjónustusamningur sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. og samstarfssamningur Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.

Lagt er til að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi drög að þjónustusamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. og borgarstjóra verði veitt fullt umboð til undirritunar samningsins. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, sbr. hjálagt erindi SSH frá 4. mars sl. þar sem lagt er til að framangreindum samningsdrögum verði vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi SSH til borgarráðs – Þjónustusamningur sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. og samstarfssamningur Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf., dags. 4. mars 2026.

Minnisblað SSH um þjónustusamning og samstarfssamnings vegna almenningsamgangna, dags. 2. mars 2026.

Lokadrög þjónustusamnings sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.

Lokadrög samstarfssamnings Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. og Strætó bs. um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Umsögn borgarlögmanns, dags. 16. mars 2026.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarviðs, dags. 17. mars 2026.



Reykjavík



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Heiða Björg Hilmisdóttir
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 4. mars 2025.
Málsnr. 2409007
PBG/HH

Efni: Þjónustusamningur sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. og samstarfssamningur Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.

Á 624. fundi stjórnar SSH, hinn 2. mars 2026, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2409007 - Fyrirkomulag almenningsamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi eru drög að þjónustusamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.

Jafnframt eru fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Er gerð tillaga um að framangreindum samningsdrögum verði vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna og fylgt eftir þar með kynningum verði eftir því leitað.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt.

Samkvæmt framangreindu er því farið fram að meðfylgjandi drög að þjónustusamningi sem tilgreind eru í staflið b) verði tekin umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins og að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt umboð til undirritunar samningsins.

Er einnig farið fram að meðfylgjandi drög að samstarfssamningi sem tilgreind eru í staflið c) verði tekin umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu málsins berist í netfangið ssh@ssh.is.

Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis berast undirrituðum í netfangið pallbg@ssh.is eða síma 8218179.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH


Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Meðfylgjandi:

- a) *Minnisblað Páls Björgvins Guðmundssonar framkvæmdastjóra SSH um þjónustusamning og samstarfssamning vegna almenningssamgangna dags. 2. mars 2026.*
- b) *Lokadrög þjónustusamnings sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.*
- c) *Lokadrög samstarfssamnings Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf og Strætó bs. um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.*

MINNISBLAÐ

TIL: STJÓRNAR SSH

FRÁ: PÁLI BJÖRGVINI GUÐMUNDSSYNI FRAMKVÆMDASTJÓRA SSH

EFNI: ÞJÓNUSTUSAMNINGUR OG SAMSTARFSSAMNINGUR VEGNA ALMENNINGSSAMGANGNA

DAGS: 2. MARS 2026

TILLAGA

Fyrirliggjandi eru:

Drög að þjónustusamningi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og ríkisins við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.

og

Drög að samstarfssamningi milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Er gerð tillaga um að framangreindum samningsdrögum verði vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi fyrrgreindra sveitarfélaga.

GREINARGERÐ

Forsaga:

Með samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (hér eftir sveitarfélögin) um rekstur almenningsamgangna, stjórnskipulag og veghald, sem undirritað var 21. ágúst 2024, var ákveðið að koma á fót nýju félagi/rekstrareiningu í sameiginlegri eigu aðila sem væri falið að annast þróun, skipulag og rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Í kjölfarið var skipaður sex manna stýrihópur ríkis og sveitarfélaga og hefur hann starfað óslitið síðan. Tillögur hópsins að fyrirkomulagi verkefnisins voru kynntar í byggðarráðum í desember 2024 og voru stofngögn hins nýja sameiginlega félags unnin á grunni þeirra. Stofngögn félagsins voru send sveitarfélögunum til afgreiðslu 28. mars 2025 ásamt gögnum er lýstu meginlínunum, forsendum og sviðsmynd við yfirtöku nýja félagsins á rekstri almenningsamgangna, og aftur 8. ágúst 2025, að gerðum smávægilegum breytingum frá fyrri framlagningu. Félagið, Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf., var því næst formlega stofnað 1. september 2025.

Þjónustusamningur:

Í hluthafasamkomulagi og samþykktum fyrir hlutafélagið Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. kemur fram að tilgangur félagsins sé að annast þróun, skipulag og rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu með sjálfbærni að leiðarljósi samkvæmt sérstökum þjónustusamningi við sveitarfélögin og ríkið.

Gerð slíks samnings hefur nú staðið yfir í nokkurn tíma á vettvangi stýrihóps og með aðkomu ýmissa sérfræðinga og utanaðkomandi ráðgjafa. **Er samkvæmt framangreindu gerð tillaga um að fyrirliggjandi drög að honum verði send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu og þess óskað að samningurinn verði samþykktur og framkvæmdastjórum sveitarfélaganna veitt umboð til undirritunar hans.**

Helstu efnisatriði:

Í drögum að þjónustusamningnum er m.a. fjallað um verkefni félagsins, fjármögnun þeirra, samráð og upplýsingagjöf.

Til samræmis við hluthafasamkomulag er gert ráð fyrir að sérstakur stýrihópur sé skipaður vegna samningsins. Einnig er gert ráð fyrir að samráðshópur (skipaður einum aðila frá hverju sveitarfélagi og tveimur fulltrúum tilnefndum af innviðaráðherra) fari með samningsstjórn fyrir hönd verkkaupa, þ.e. ríkis og sveitarfélaga. Hópnunum er m.a. ætlað að hafa eftirfylgni með áætlunum, árangursviðmiðum og markmiðum samkvæmt samningnum. Hópnun er ætlað að funda a.m.k. fjórum sinnum á ári og ræða m.a. ársfjórðungslega skýrslu um árangursmælikvarða og fylgni við þá.

Í samningsdrögnum er kveðið á um ríka upplýsingagjöf verksala (Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.) en félaginu er ætlað að skila verkkaupum (sveitarfélögum og ríki) eftirtöldum gögnum að eigin frumkvæði:

- Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið sem er framundan og að auki til næstu fjögurra ára.
- Tólf mánaða rekstrar- og sjóðsstreymisáætlun sem skal uppfærð og send verkkaupum mánaðarlega.
- Öendurskoðuðu hálfársuppgjöri fjárhagsbókhalds.
- Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan.
- Ársskýrslu.
- Ársfjórðungslegri skýrslu um mælikvarða.

Í samningsdrögnum kemur fram að verkkaupar (sveitarfélög og ríki) leggi verksala til fjármagn í samræmi við samkomulag aðila frá 21. ágúst 2024, sem á að tryggja fjármögnun miðað við áætlaðan heildarkostnað að frádregnum fargjaldatekjum til samræmis við starfs- og fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir að sú áætlun berist verkkaupum eigi síðar en 1. ágúst ár hvert.

Greiðslur verkkaupa skiptast svo að ríkið greiðir 33% og sveitarfélögin skipta með sér 67%.

Samstarfssamningur milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins:

Gengið hefur verið út frá því að Strætó bs. sjái tímabundið áfram um akstur á þeim leiðum sem Strætó bs. ekur nú sjálft en í minnisblaði sem sent var sveitarfélögunum ásamt stofngögnum Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins sagði eftirfarandi um þetta atriði: „*Strætó bs. mun, í samræmi við fyrri umræður aðila og samkvæmt nánari skilgreiningu og afmörkun í tíma, annast akstursþjónustu með sama hætti og aðrir akstursaðilar gera og verður gerður samstarfssamningur milli Strætó bs. og nýja félagsins hvað varðar áframhaldandi akstur á þeim leiðum sem Strætó bs. sinnir í dag. Er litið svo á að nauðsyn sé á slíkum samningi til að tryggja að ekki verði þjónusturof og brúa bilið meðan nýja félagið undirbýr og fer í útboð um akstur á öllum leiðum Strætó bs. og tímunn þar til akstursaðilar á grundvelli þess útboðs taka við akstrinum. Er raunhæft að ætla að það ferli taki að lágmarki tvö til þrjú ár en gert er ráð fyrir að frá og með því tímamarki verði allur akstur strætisvagna boðinn út.*“

Á grundvelli þessa hafa stjórnir Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf., með aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa, unnið fyrirleggjandi drög að samstarfssamningi. Eru í samningnum tilgreindar þær leiðir sem Strætó mun tímabundið sjá um rekstur á. Er gert ráð fyrir að gildistími samningsins sé allt að þrjú ár, þó þannig að hann falli úr gildi um leið og markmiðum hans er náð, þ.e. þegar annar akstursaðili getur tekið við umræddum akstri á grundvelli útboðs. Er þá gert ráð fyrir því að rekstraráætlun Strætó bs. verði hluti af rekstraráætlun Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. og að síðarnefnda félaginu sé falið að annast millifærslu þeirra fjármuna sem sveitarfélögin og íslenska ríkið leggja Strætó til vegna þess hluta almenningssamgöngukerfisins sem Strætó rekur.

Til samræmis við eigendastefnu Strætó bs. er lagt til að umrædd samningsdrög, sem stjórnir beggja félaga hafa samþykkt, verði lögð fyrir aðildarsveitarfélög Strætó bs. til samþykktar.

Þjónustusamningur við Almennings­samgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.

Innviðaráðuneytið, kt. 580417-0780, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, f.h. ríkisins, og sveitarfélögin Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Kópavogsbær kt. 700169-3759, Hafnarfjarðarkaupstaður kt. 590169-7579, Garðabær kt. 570169-6109, Mosfellsbær kt. 470269-5969 og Seltjarnarnesbær kt. 560269-2429, á grundvelli samkomulags aðila um rekstur almennings­samgangna á höfuðborgarsvæðinu frá 21. ágúst 2024, í samningi þessum sameiginlega nefnd verkkaupar, og Almennings­samgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf., í samningi þessum nefnt verksali, gera með sér svohljóðandi þjónustusamning um rekstur almennings­samgangna:

1. Skilgreining verkefnis og markmið

- 1.1 Samningur þessi gildir um almennings­samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.
- 1.2 Markmið með samningnum eru eftirfarandi:
 - a) Að stuðla að hagkvæmum hágæða almennings­samgöngum á höfuðborgarsvæðinu.
 - b) Að vinna til samræmis við Nýtt leiðanet, framtíðarskipulag almennings­samgangna höfuðborgarsvæðisins.
 - c) Að stuðla að því að loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag verði náð.
 - d) Að stuðla að samhæfingu við almennings­samgöngur á landsvísu.
 - e) Að stuðla að auknu umferðaröryggi.
 - f) Að vinna að markmiði um að 70% íbúa búi í innan við 400 metra fjarlægð frá stoppistöð leiðar á að minnsta kosti 10 mín. tíðni á annatíma eigi síðar en árið 2040.
 - g) Að stuðla að innleiðingu markmiða og viðmiða um þjónustu á sviði almennings­samgangna.
 - h) Að miðlað sé til eigenda hvernig unnið er að því að ná fram þeim markmiðum sem skilgreind hafa verið með árangursmælingum.
 - i) Að skapa umgjörð um samskipti aðila við framkvæmd samnings þessa.
- 1.3 Þjónusta verksala felst í rekstri almennings­samgangna og er nánar skilgreind í 3. gr.
- 1.4 Mikilvægur þáttur í verkefninu er að verksali tekur yfir rekstur þess leiðakerfis sem Strætó bs. hefur rekið ásamt völdum eignum sem því fylgja. Sérstakir samningar verða gerðir um yfirfærslu eigna annars vegar og hins vegar um tímabundið samstarf um rekstur almennings­samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

2. Forsendur og framkvæmd samnings

- 2.1 Samhliða uppfærslu á samkomulagi frá 26. september 2019 um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu, (Samgöngusáttmálinn), hinn 21. ágúst 2024, gerðu ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu með sér samkomulag um rekstur almennings­samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Skv. 1. gr. samkomulagsins eru aðilar

sammála um að koma á fót félagi eða rekstrareiningu um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Samningur þessi er gerður á grundvelli þess samkomulags.

Stýrihópur

2.2 Sérstakur stýrihópur skal starfa vegna þessa verkefnis. Í honum skulu eiga sæti formaður stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sem skal jafnframt vera formaður stýrihópsins, borgarstjóri Reykjavíkurborgar og innviðaráðherra. Varaformaður stjórnar SSH skal taka sæti í hópnum sem fulltrúi stjórnar SSH sé borgarstjóri jafnframt formaður stjórnar SSH. Skal að auki tilnefndur varamaður vegna hvers fulltrúa en stjórn SSH tilnefnir varamenn formanns stjórnar SSH og borgarstjóra en innviðaráðuneytið varamann innviðaráðherra.

Stýrihópur skal kallaður saman eftir þörfum, til að fara yfir framgang verkefna samnings þessa og fjármögnun þeirra. Þá verði stýrihópur virkjaður ef verksali telur nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á umfangi eða kostnaði við rekstur samningsins. Stýrihópurinn hefur þá aðkomu að stefnumótandi ákvörðunum er varða samning þennan og forsendur hans. Komi upp ágreiningur milli verkkaupa innbyrðis, eða milli verkkaupa og verksala, sem ekki tekst að leysa úr á vettvangi samráðshóps, sbr. gr. 2.3, skal hann tekinn upp í stýrihópnum.

Samráðshópur

2.3 Með samningsstjórn fyrir hönd verkkaupa fer hópur sem samanstendur af fulltrúum verkkaupa. Eftirleiðis vísað til sem „samráðshóps“. Tilgangur hópsins er að tryggja að verkkaupar komi sameinaðir fram gagnvart verksala og að tryggja eftirfylgni með áætlunum og markmiðum á grundvelli samnings þessa. Jafnframt ber hópurinn ábyrgð á upplýsingagjöf til verkkaupa sé um að ræða frávík frá áætlunum og árangursviðmiðum, sbr. gr. 4.2. Gert er ráð fyrir að stjórn SSH tilnefni einn aðila frá hverju sveitarfélagi í hópinn og að innviðaráðherra, fyrir hönd ríkisins sem verkkaupa, tilnefni tvo aðila. Skulu varamenn tilnefndir með sama hætti. Gert er ráð fyrir því að samráðshópurinn setji sér starfsreglur varðandi t.a.m. boðun funda, lögmæti þeirra og ákvörðunarbærni og úrlausn ágreiningsmála.

Samráðshópur og verksali skulu, að frumkvæði verksala, halda að lágmarki fjóra formlega fundi á ári um framkvæmd samningsins. Þess utan skulu fundir boðaðir eftir þörfum og tilefni og ef minnst tveir fulltrúar í samráðshópi fara fram á það. Verksali annast boðun fundanna. Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal verksali afhenda fulltrúum í samráðshópnum skýrslu, þar sem upplýsingar um mælikvarða koma fram, svo sem:

- a) Fjöldi farþega á virkum dögum og um helgar, eftir leiðum og tíma dags eins nákvæmlega og unnt er á hverjum tíma.
- b) Stundvísi vagna, skipt niður á akstursverktaka og leiðir.
- c) Viðhorf notenda þjónustu samkvæmt þjónustukönnunum, sbr. gr. 3.4.
- d) Aðrir viðeigandi árangursmælikvarðar, s.s. fylgni við starfs- og fjárhagsáætlun.

Á samráðsfundum skal fyrrgreind skýrsla tekin til umfjöllunar ásamt öðrum fyrirbyggjandi gögnum sem stafa frá verksala. Þetta skal gert í fyrsta skipti að loknum 3. ársfjórðungi 2026. Staða á framkvæmd samningsins skal tekin til umfjöllunar og rædd og frávík frá áætlunum og árangursviðmiðum greind.

Tillögur um leiðakerfis- og gjaldskrárbreytingar skulu þá lagðar fram til kynningar og umræðu á samráðsfundum.

Starfs- og fjárhagsáætlun skv. gr. 4.2 skal lögð fyrir til kynningar og umræðu á fundi samráðshópsins áður en hún er send verkkaupum.

- 2.4 Verksala er óheimilt að framselja öðrum aðila samning þennan.
- 2.5 Við lok samningsambands hafa verkkaupar rétt til áframhaldandi nýtingar, breytinga og aðlögunar á þeim skrá, gögnum og hugverkum sem verða til við framkvæmd verkefnisins, nema um annað hafi verið samið sérstaklega. Öll gögn, hugverk og aðrar eignir sem tilheyra verkefninu og hafa verið fjármögnuð af verkkaupum skulu afhent verkkaupum við lok samnings, á stöðluðu og aðgengilegu formi sem auðveldar áframhaldandi nýtingu þeirra.

3. Þjónusta

- 3.1 Þjónusta verksala samkvæmt samningi þessum felur í sér eftirfarandi verkþætti:
 - a) Að veita þjónustu á sviði almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu m.a. á almennum leiðum og stofnleiðum, þ.m.t. Borgarlínu.
 - b) Að sjá um rekstur leiðanets, sem tekur m.a. til en einskorðast ekki við, rekstur stjórnstöðvar, þjónustuvers, sameiginlegs búnaðar í vögnum, endastöðva og biðstöðvatafla.
 - c) Skipulag leiðanets, sem tekur m.a. til en einskorðast ekki við, uppsetningu tímatafla, kostnaðarútreikninga, ráðgjafar til hagaðila og skipulags pöntunarþjónustu.
 - d) Að undirbúa innleiðingu Nýs leiðanets í samvinnu við hagaðila.
 - e) Að vinna að áframhaldandi þróun og áætlanagerð almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þar með talið leiðakerfis, með hagkvæmni og fjölgun farþega að leiðarljósi.
 - f) Að framkvæma útboð og innkaup, m.a. vegna aksturs, í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir og lög hverju sinni.
 - g) Að stuðla að því að notendavænar lausnir séu til staðar fyrir notendur þjónustunnar svo sem greiðslukerfi, rauntímaupplýsingar, leiðavísir og önnur almenn miðlun upplýsinga til notenda.
 - h) Að stuðla að bættu aðgengi að almenningsamgöngum fyrir alla.
 - i) Að fylgjast með þróun og innleiða hagkvæmar lausnir á sviði almenningsamgangna, svo sem pöntunarþjónustu í rauntíma að frumkvæði notenda (demand response transit), sjálfkeyrandi vagna, tæknilausnir sem einfalda snuðrulausa samþættingu ferðamáta í einni og sömu ferð (MaaS) og fleiri lausnir.
 - j) Að þróa/kaupa hugbúnað sem þarf til að reka almenningsamgöngur á hagkvæman og nútímalegan hátt.
 - k) Að eiga samráð um þróun uppbyggingar innviða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við Betri samgöngur ohf., sveitarfélögin, Vegagerðina og eftir atvikum aðra aðila.

- l) Að eiga samráð við aðra rekstraraðila almenningssamgangna með það að markmiði að ná fram samhæfingu við almenningssamgöngur á landsvísu, m.a. hvað varðar þau atriði er talin eru upp í g) lið.
 - m) Að stuðla að því að markmiðum þessa samnings skv. 1. gr. verði náð.
- 3.2 Verksali skal setja sér þjónustuviðmið um leiðakerfisbreytingar sem stuðli að því að markmiðum samnings þessa sé náð.
- 3.3 Verksali skal setja sér þjónustustefnu þar sem fjallað er um almenna þjónustu við viðskiptavini, leiðakerfi og sett fram mælanleg markmið er varða stundvísi, ánægju viðskiptavina og frávík. Ber honum jafnframt að sjá til þess að þjónustustefna sé innleidd og henni framfylgt af hálfu akstursaðila.
- 3.4 Verksali skal með reglubundnum þjónustukönnunum mæla viðhorf notenda almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarf við Betri samgöngur ohf.

- 3.5 Stjórn verksala skal hafa forgöngu um að koma á samhæfingarhópi milli verksala og Betri samgangna ohf. og skal framkvæmdastjóri verksala sitja í honum auk annarra sem tilnefndir eru af stjórn. Skal þá óskað eftir tilnefningum Betri samgangna ohf. í hópinn. Framkvæmdastjóri verksala veitir vinnu hópsins forstöðu.
- 3.6 Samhæfingarhópurinn hefur það hlutverk að halda uppi virku samtali á milli aðila um útfærslu framkvæmda og þjónustu og vera vettvangur til að leysa úr álitamálum sem komið geta upp við framkvæmd verkefna verksala. Jafnframt skal samhæfingarhópur hafa samráð við sveitarfélögin varðandi það hvernig skipulag þeirra samræmist verkefnum og framkvæmdum verksala og Betri samgangna ohf. Skal samhæfingarhópurinn einnig eiga samráð við aðra hagaðila eftir þörfum.

Samstarf við Strætó bs.

- 3.7 Verksali tekur yfir í áföngum rekstur þeirra verkefna sem Strætó bs. hefur haft með höndum í tengslum við rekstur almenningssamgangna, önnur en rekstur vagna og verkefni því tengd. Gerður verður sérstakur samstarfssamningur milli verksala og Strætó bs. sem lýsir því hvernig þessir tveir sjálfstæðu opinberu aðilar hyggjast eiga samstarf um þann rekstur á grundvelli 3. mgr. 13. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.
- 3.8 Rekstur Strætó bs. hefur um árabíl byggt á þeim grunni að verkkaupar hafa fjármagnað heildarkostnað við reksturinn að frádregnum fargjaldatekjum. Eins og nánar er lýst í þessum samningi er ætlunin að verksali starfi á sama grunni efnislega þó að form rekstrarins breytist.
- 3.9 Á meðan á samstarfi verksala og Strætó bs. um reksturinn stendur ábyrgjast verkkaupar fjármögnun beggja aðila með óbreyttum hætti eins og lýst er í gr. 3.8. Verkkaupar fela verksala umsýslu greiðslna til Strætó bs.

Aðrir samningar

- 3.10 Aðilum að samningi þessum er heimilt að gera sértæka samninga sín á milli um einstök verkefni, viðbótarþjónustu eða verkþætti sem falla utan við samning þennan, s.s. vegna

kostnaðar við notkun pöntunarleiða að því gefnu að þær séu ekki hluti almenns leiðanets eða vegna þróunar þess. Þess skal gætt að tekjur og kostnaður vegna slíkra samninga séu aðgreind frá samningi þessum.

- 3.11 Jafnframt er verksala heimilt að gera þjónustusamninga við þriðja aðila um tiltekna þjónustu eða verkefni, sem falla utan við samning þennan, enda falli þeir að markmiðum og tilgangi hans. Þess skal þá gætt að tekjur og kostnaður vegna slíkra samninga séu aðgreind frá samningi þessum.
- 3.12 Séu þjónustusamningar gerðir á grundvelli 3.10 gr. eða 3.11 gr. skulu þeir að fullu fjármagnaðir af þjónustubeiðendum.

4. Upplýsingar og eftirlit

- 4.1 Verkkaupar annast eftirlit með framkvæmd samningsins, jafnt fjárhagslegt sem faglegt, þ.m.t. með gæðum starfseminnar. Fer eftirlitið m.a. fram á vettvangi samráðshóps sbr. gr. 2.3.

- 4.2 Verksali skilar verkkaupum að eigin frumkvæði eftirtöldum gögnum og upplýsingum:

- a) *Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið sem er framundan* og að auki til næstu fjögurra ára skal send verkkaupum til samþykktar eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Í fjárhagsáætlun til fimm ára skal gerð grein fyrir helstu tekjum og gjöldum, efnahag og sjóðstreymi. Áætlunin skal m.a. innihalda upplýsingar um leiðakerfisáætlun og fyrirhugaðar breytingar á henni, þjónustuáætlun, árangursviðmið, áætlaðar tekjur, sundurliðaðar (þ.m.t. áætlaðar fargjaldatekjur og áætlaðar greiðslur verkkaupa) og áætluð rekstrargjöld.

Verkkaupar bera ábyrgð á að yfirfara og afgreiða starfs- og fjárhagsáætlun verksala innan þriggja mánaða frá því að hún berst. Sé hún staðfest skal gert ráð fyrir greiðslum til samræmis við hana í fjárlögum ríkisins og í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna. Um fjármögnun og greiðslutilhögun er að öðru leyti fjallað í gr. 5.

- b) *Tólf mánaða rekstrar- og sjóðsstreymisáætlun* sem skal uppfærð og send verkkaupum mánaðarlega. Þar skal koma fram hefðbundin sundurliðun á helstu rekstrar- og afkomuliðum auk nýtingarhlutfalls og framlegðar af hverri leið og leiðum í heild.
- c) *Óendurskoðuðu hálfársuppgjöri fjárhagsbókhalds* eigi síðar en 1. september ár hvert sem skýri fjárhagsstöðu verksala.
- d) *Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan* sem áritaður er af löggiltum endurskoðanda áður en fjórtán dagar eru liðnir frá áritun.
- e) *Ársskýrslu* þar sem gerð er grein fyrir starfseminni og hún borin saman við ársáætlun ársins á undan. Ársskýrsla skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1. Upplýsingar um fjárhag og þróun akstursþjónustu/leiðakerfis og annað sem rekstraruppgjör verður byggt á.
2. Upplýsingar um öryggismál.
3. Upplýsingar um fjárhagslegar lykiltölur.
4. Umhverfis- og loftslagsmál.
5. Skipurit fyrirtækisins.

6. Mannauðsmál.
 7. Upplýsingar um mælikvarða og árangursviðmið.
 8. Önnur málefni sem við eiga.
- 4.3 *Ársfjórðungsleg skýrsla um mælikvarða* skal send verkkaupum að lokinni umfjöllun samráðshóps um hana, sbr. gr. 2.3.
 - 4.4 Verksali afhendir verkkaupum, Ríkisendurskoðun og öðrum endurskoðendum verkkaupa gögn og veitir upplýsingar sem óskað er eftir vegna eftirlits með rekstri verksala eða fjármálum, fyrirspurna frá Alþingi eða sveitarstjórnnum og úttekta.
 - 4.5 Beri nauðsyn til hafa verkkaupar heimild til að framkvæma sjálfir eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstökum þáttum í starfsemi verksala, svo sem aðstöðu, fjármálum og gæðum starfseminnar.
 - 4.6 Verksala er skylt að upplýsa stýrihóp tafarlaust með sannanlegum hætti, sjái hann fram á að geta ekki staðið við fjárhagslegar eða faglegar skuldbindingar samkvæmt samningi þessum. Þá skal verksali senda stýrihóp upplýsingar um til hvaða úrræða lagt er til að sé gripið. Jafnframt skulu tillögurnar lagðar fyrir samráðshóp til kynningar.
 - 4.7 Verksali ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að starfsemin fullnægi viðeigandi kröfum og skilyrðum sem settar eru vegna umfangs, öryggis, fagmennsku og gæða þjónustu og að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir. Verksali skal leggja fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar í samræmi við ákvæði samnings þessa sé eftir því leitað.

5 Fjármögnun og greiðslutilhögun

- 5.1 Verkkaupar leggja verksala til fjármagn í samræmi við samkomulag aðila frá 21. ágúst 2024 sem á að tryggja fjármögnun miðað við áætlaðan heildarkostnað að frádregnum áætluðum fargjaldatekjum og eftir þeim reglum og með þeim takmörkunum sem felast í samningi þessum.
- 5.2 Greiðslur verkkaupa á grundvelli samningsins skulu vera í samræmi við fjárhagsáætlun, sbr. gr. 4.2, félagsins og nema áætluðum kostnaði við rekstur samningsins að frádregnum áætlaðar fargjaldatekjum. Árlegar greiðslur verkkaupa skiptast í 12 greiðslur. Verksali gefur út mánaðarlega reikninga til hvers verkkaupa með gjalddaga 5. dag hvers mánaðar og eindaga 20. dag hvers mánaðar. Fari greiðslur samkvæmt framansögðu ekki fram á eindaga skulu þær bera dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Endanlegt uppgjör skal eiga sér stað á fyrsta ársfjórðungi næsta árs.
- 5.3 Fjárveitingar ríkisins til verkefna samkvæmt samningi þessum eru ákveðnar í fjárlögum hvers árs sbr. einnig lög um opinber fjármál 123/2015 og reglugerð um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni nr. 643/2018 og fjárveitingar sveitarfélaganna til verkefna samkvæmt samningi þessum eru ákvarðaðar í fjárhagsáætlunum þeirra fyrir hvert ár, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.
- 5.4 Verksali skal ná sem bestri nýtingu þeirra fjármuna sem verkkaupar greiða honum á grundvelli samnings þessa ásamt því að tryggja gæði starfseminnar og haga rekstri sínum með þeim hætti að kostnaður rúmist innan samþykktra áætlana. Sjái verksali fram á að kostnaður verði meiri en

fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir skal hann grípa til hagræðingaraðgerða í starfseminni eftir því sem unnt er, sjá þó gr. 5.8.

- 5.5 Verði fjárhagsáætlun og greiðslur á grundvelli hennar ekki samþykktar af hálfu sveitarfélaganna eða í fjárlögum skulu aðilar tafarlaust taka upp viðræður um viðbrögð við því.
- 5.6 Verkkaupum er skylt að upplýsa verksala tafarlaust með sannanlegum hætti ákveði Alþingi eða einstakar sveitarstjórnir að breyta fjármögnun samningsins.
- 5.7 Verði rekstrarafgangur af starfsemi samkvæmt samningi þessum skal hann nýtast við rekstur samkvæmt samningnum. Verði rekstrarafgangur á starfsárinu sem rekja má til frestunar á verkefnum s.s. innleiðingar nýrra leiða eða aukinnar tíðni skal afgangurinn færast til þess rekstrarárs sem þau verkefni komast til framkvæmda á.
- 5.8 Áformi stjórn verksala að gera breytingar á áætlunum innan fjárhagsárs sem þarfnast aukins fjármagns skal áður en ákvörðun er tekin um slíkar breytingar bera málið undir samráðshóp, sem tekur þá ákvörðun um hvort beiðni um frekari greiðslur skuli lögð fyrir verkkaupa til samþykktar.
- 5.9 Þrátt fyrir ákvæði gr. 5.1 - 5.3 skulu greiðslur vegna rekstrarársins 2026 vera til samræmis við viðauka 1 við samning þennan.
- 5.10 Greiðslur verkkaupa samkvæmt samningi þessum skiptast svo milli einstakra verkkaupa að ríkið greiðir 33% og sveitarfélögin skipta með sér 67%. Vegna rekstraráranna 2026 og 2027 skal greiðsla einstakra sveitarfélaga fara eftir sama fyrirkomulagi og hlutföllum og framlag þeirra til Strætó bs. á árinu 2025.

6 Vanefndir, vanefndaúrræði og meðferð ágreiningsmála

- 6.1 Efni verksali ekki samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum að mati samráðshóps skal samráðshópur senda verksala athugasemdir og veita hæfilegan frest til úrbóta eftir atvikum. Tilkynning samráðshóps um vanefndir skal vera skrifleg og send verksala með sannanlegum hætti.
- 6.2 Bæti verksali ekki úr vanefndum innan frests þrátt fyrir athugasemdir af hálfu samráðshóps skal ágreiningi aðila vísað til stýrihóps. Stýrihópur gerir tillögur til verkkaupa um viðbrögð við vanefndum. Geta þær m.a. falist í því, til skamms tíma, að draga úr greiðslum til bráðabirgða eða fresta þeim, þar til bætt hefur verið úr eða varanleg lausn fundin.
- 6.3 Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4 Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7 Gildistími og lok samnings

- 7.1 Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2026 og gildir til 31. desember 2027. Eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok gildistíma samnings þessa skulu aðilar hafa gert uppfærðan samning sín á milli. Skal miðað við að gildistími þess samnings verði fimm ár.
- 7.2 Verði gerð uppfærðs samnings, sbr. gr. 7.1, ekki lokið við það tímamark framlengist samningur þessi um sex mánuði í senn. Telji einhver samningsaðila að forsendur samnings þessa hafi breyst á gildistíma hans getur hann óskað eftir viðræðum um endurskoðun, hvort sem er einstakra ákvæða eða samningsins í heild, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Skal slík beiðni

lögð fyrir samráðshóp. Fallist samráðshópur á slíka beiðni skal þá endurskoðun hefjast svo fljótt sem verða má.

- 7.3 Uppsagnarfrestur samnings þessa er sex mánuðir. Óski verkkaupar eða verksali eftir að segja samningnum upp skal skrifleg tilkynning þess efnis send gagnaðila með sannanlegum hætti.
- 7.4 Þótt samningur þessi sé tímabundinn og uppsegjanlegur þá gera verkkaupar sér grein fyrir því að óhjákvæmilegt er að verksali geri samninga sem kunni að hafa lengri gildistíma og uppsagnarfresti, svo sem vegna aksturs, uppbyggingar innviða og leigu á húsnæði. Almennt skal þó miðað við að gildistími slíkra samninga sé ekki lengri en til tíu ára.
- 7.5 Verksali skal senda tilkynningar og upplýsingar varðandi samning þennan til verkkaupa sem hér segir: Til ríkisins á irn@irn.is, til Reykjavíkurborgar á skjalastyring@reykjavik.is, til Kópavogsbæjar á skjalavarsla@kopavogur.is, til Hafnarfjarðarkaupstaðar á hafnarfjordur@hafnarfjordur.is, til Garðabæjar á gardabaer@gardabaer.is, vegna Mosfellsbæjar á mos@mos.is og til Seltjarnarnesbæjar á postur@seltjarnarnes.is.

Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Reykjavík,

f.h. innviðaráðuneytis

f.h. verksala

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

f.h. Garðabæjar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Seltjarnarnesbæjar

Staðfesting fjármála- og efnahagsráðuneytis

Drögg

Fjárhagsáætlun Strætó bs 2026



Forsendur:

Núverandi rekstri Strætó skipt upp á milli Strætó bs, Pant og Almenningsgangna höfuðborgarvæðisins ohf. Í áæltun vegna ASHB ohf er bætt við húsnæðiskostnaði, launakostnaði vegna stjórnar og framkvæmdastjóra, óvissu og innleiðingarkostnaði.

Að öðru leyti er gerð tilraun til að heimfæra kostnað undir rétt félag.

Að öðru leyti er stuðst við almennar forsendur skv. þjóðhagsspá um þróun kostnaðar.

Rekstur	2024 Raun	Áætlun 2025	Útkomuspá 2025	Samtals jan-des			Áætlun 2026
				PTO	PANT	PTA	
Rekstrartekjur							
Fargjöld	2.184.830.603	2.463.814.007	2.320.574.124	-	-	2.432.700.484	2.432.700.484
Rekstrarframlög sveitarfélaga	6.468.782.989	6.386.440.000	5.761.126.588	-	-	6.021.157.395	6.021.157.395
Ríkisframlag	906.000.000	3.145.560.000	2.437.313.408	-	-	2.965.644.687	2.965.644.687
				327.000.000			327.000.000
Akstur Strætó (PTO)			-	4.282.844.638	-	-	4.282.844.638
Pant akstursþjónusta			-	-	2.228.488.868	-	2.228.488.868
Aðrar tekjur	481.490.970	439.338.032	487.349.721	-	246.528.864	428.379.615	674.908.479
Samtals rekstrartekjur	10.041.104.562	12.435.152.039	11.006.363.841	4.609.844.638	2.475.017.732	11.847.882.182	18.932.744.552
Rekstrargjöld							
Launakostnaður	3.441.646.523	3.807.926.223	3.623.654.992	3.057.718.952	133.036.502	589.875.043	3.780.630.497
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur							
<i>Rekstur vagna</i>	894.943.683	842.497.949	844.707.042	889.399.359	-	-	889.399.359
Aðkeyptur akstur- verktakar	4.373.213.484	6.522.999.500	5.291.993.656	-	-	6.165.997.275	6.165.997.275
Aðkeyptur akstur - Strætó (PTO)				-	-	4.282.844.638	4.282.844.638
Samtals rekstur vagna og aðkeyptur akstur	5.268.157.167	7.365.497.449	6.136.700.698	889.399.359	-	10.448.841.913	11.338.241.272
Pant akstursþjónusta (akstursaðilar)				-	2.228.488.868	-	2.228.488.868
Kostnaður hleðsluinnviðir	-	-	-	-	-	35.000.000	35.000.000
Annar rekstarkostnaður	768.967.251	776.559.107	784.208.420	335.726.327	108.272.604	774.165.226	1.218.164.157
Samtals rekstrargjöld	9.478.770.941	11.949.982.779	10.544.564.110	4.282.844.638	2.469.797.974	11.847.882.182	18.600.524.794
EBITDA	562.333.621	485.169.260	461.799.730	327.000.000	5.219.758	-	332.219.758
Afskriftir	-245.276.268	-228.005.184	-228.005.184	-220.000.000	-	-	-220.000.000
EBIT	317.057.353	257.164.076	233.794.546	107.000.000	5.219.758	-	112.219.758
Vaxtagjöld og verðbætur	-122.937.784	-155.000.000	-127.690.938	-107.000.000	-	-	-107.000.000
Vaxtatekjur	9.442.528	0	88.621	-	-	-	-
Rekstrarafkoma (-tap)	203.562.097	102.164.076	106.192.229	0	5.219.758	-	5.219.758

Efnahagur	2024 Raun	Áætlun 2025	Útkomuspá 2025	PTO	PANT	PTA	Áætlun 2026
Fastafjármunir	4.966.440.105	5.117.440.105	5.161.443.139	1.472.299.927	-	150.000.000	1.622.299.927
Kaup	195.003.034	455.000.000	59.944.835	-	-	-	-
Afskrifir	-3.520.482.963	-3.731.217.062	-3.748.488.147	220.000.000	-	-	220.000.000
Fastafjármunir samtals	1.640.960.176	1.841.223.043	1.472.299.927	1.252.299.927	-	150.000.000	1.402.299.927
Áhættufjármunir og langtímaskuldir							
Fyrirframgreitt framlag - Brú lífeyrissjóður	586.299.415	558.416.415	586.299.415	558.416.455	-	-	558.416.455
Gjaldsætt	-27.892.960	-27.892.960	-27.892.960	-27.892.960	-	-	-27.892.960
Áhættufjármunir og langtímaskuldir samtals	586.299.415	530.533.455	558.416.455	530.533.495	-	-	530.533.495
Veltufjármunir							
Birgðir	101.727.272	110.000.000	105.000.000	105.000.000	-	-	105.000.000
Viðskiptakröfur	355.670.242	254.856.988	450.000.000	250.000.000	-	-	250.000.000
Handbætt fé	367.430.043	163.673.574	485.278.642	701.561.603	5.219.758	850.000.000	1.556.781.361
Veltufjármunir samtals	824.827.557	528.530.562	1.040.278.642	1.056.561.603	5.219.758	850.000.000	1.911.781.361
Eignir samtals	3.052.087.148	2.900.087.060	3.070.995.024	2.839.395.025	5.219.758	1.000.000.000	3.844.614.783
Eigið fé og skuldir							
Eigið fé 1/1	-364.389.794	-285.761.699	-160.827.697	54.635.468	-	-	54.635.468
Stofnfé	-	-	-	-	-	1.000.000.000	1.000.000.000
Rekstrarafkoma ársins	203.562.097	102.164.076	106.192.229	0	5.219.758	-	5.219.758
Eigið fé samtals	-160.827.697	-183.597.623	-54.635.468	54.635.468	5.219.758	1.000.000.000	950.584.290
Skuldbindingar							
Lífeyrisskuldbinding	276.343.739	241.160.503	264.928.539	259.547.040	-	-	259.547.040
Gjaldsætt	-11.415.280	-	-5.381.499	6.000.000	-	-	6.000.000
Skuldbindingar samtals	264.928.539	241.160.503	259.547.040	253.547.040	-	-	253.547.040
Langtímaskuldir							
Langtímaskuldir	1.738.903.620	1.753.776.519	1.684.591.020	1.616.083.452	-	-	1.616.083.452
Alborgun	107.890.617	121.920.643	119.868.034	119.600.000	-	-	119.600.000
Verðbætur	53.579.917	75.000.000	51.399.466	44.000.000	-	-	44.000.000
Langtímaskuldir samtals	1.684.591.020	1.706.855.876	1.616.083.452	1.540.483.452	-	-	1.540.483.452
Skammtímaskuldir							
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.263.395.286	1.135.668.305	1.250.000.000	1.100.000.000	-	-	1.100.000.000
Skammtímaskuldir samtals	1.263.395.286	1.135.668.305	1.250.000.000	1.100.000.000	-	-	1.100.000.000
Eigið fé og skuldir samtals	3.052.087.148	2.900.087.061	3.070.995.024	2.839.395.024	5.219.758	1.000.000.000	3.844.614.782

Rekstur	2024 Raun	Áætlun 2025	Útkomuspá 2025	Samtals jan-des			Áætlun 2026
				PTO	PANT	PTA	
Rekstrarkætur							
Fangjöld	2.184.830.603	2.463.814.007	2.320.574.124	-	-	2.432.700.484	2.432.700.484
Rekstrarframlög sveitarfélaga	6.468.782.989	6.386.440.000	5.761.126.588	-	-	6.021.157.395	6.021.157.395
Ríkisframlag	906.000.000	3.145.560.000	2.437.313.408	-	-	2.965.644.687	2.965.644.687
				327.000.000			327.000.000
Akstur Strætó (PTO)				4.282.844.638	-	-	4.282.844.638
Pant akstursþjónusta				-	2.228.488.868	-	2.228.488.868
Aðrar tækjur	481.490.970	439.338.032	487.349.721	-	-	246.528.864	674.908.479
Samtals rekstrarkætur	10.041.104.562	12.435.152.039	11.006.363.841	4.609.844.638	2.475.017.732	11.847.882.182	18.932.744.552
Rekstrargjöld							
Launakostnaður	3.441.646.523	3.807.926.223	3.623.654.992	3.057.718.952	133.036.502	589.875.043	3.780.630.497
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur				-	-	-	-
Rekstur vagna	894.943.683	842.497.949	844.707.042	889.399.359	-	-	889.399.359
Aðkeyptur akstur - verktafar	4.373.213.484	6.522.999.500	5.291.993.656	-	-	6.165.997.275	6.165.997.275
Aðkeyptur akstur - Strætó (PTO)				-	-	4.282.844.638	4.282.844.638
Samtals rekstur vagna og aðkeyptur akstur	5.268.157.167	7.365.497.449	6.136.700.698	889.399.359	-	10.448.841.913	11.338.241.272
Pant akstursþjónusta (akstursaðilar)				-	2.228.488.868	-	2.228.488.868
Kostnaður hleðsluinnviðir	-	-	-	-	-	35.000.000	35.000.000
Annar rekstrarkostnaður	768.967.251	776.559.107	784.208.420	335.726.327	108.272.604	774.165.226	1.218.164.157
Samtals rekstrargjöld	9.478.770.941	11.949.982.779	10.544.564.110	4.282.844.638	2.469.797.974	11.847.882.182	18.600.524.794
EBITDA	562.333.621	485.169.260	461.799.730	327.000.000	5.219.758	-	332.219.758
Afskrifir	-245.276.268	-228.005.184	-228.005.184	220.000.000	-	-	220.000.000
EBIT	317.057.353	257.164.076	233.794.546	107.000.000	5.219.758	-	112.219.758
Vaxtagjöld og verðbætur	-122.937.784	-155.000.000	-127.690.938	107.000.000	-	-	107.000.000
Vaxtatekjur	9.442.528	0	88.621	-	-	-	-
Rekstrarafkoma (-tap)	203.562.097	102.164.076	106.192.229	0	5.219.758	-	5.219.758
Efnahagur	2024 Raun	Áætlun 2025	Útkomuspá 2025	PTO	PANT	PTA	Áætlun 2026
Fastafjármunir	4.966.440.105	5.117.440.105	5.161.443.139	1.472.299.927	-	150.000.000	1.622.299.927
Kaup	195.003.034	455.000.000	59.344.935	-	-	-	-
Afskrifir	-3.520.482.963	-3.731.217.062	-3.748.468.147	220.000.000	-	-	220.000.000
Fastafjármunir samtals	1.640.960.176	1.841.223.043	1.472.299.927	1.252.299.927	-	150.000.000	1.402.299.927
Áhættufjármunir og langtímakröfur	586.299.415	558.416.415	586.299.415	558.416.455	-	-	558.416.455
Fyrirframgreitt framlag - Brú lífeyrissjóður	-27.882.960	-27.882.960	-27.882.960	27.882.960	-	-	27.882.960
Gjaldert				-	-	-	-
Áhættufjármunir og langtímakröfur samtals	586.299.415	530.533.455	558.416.455	530.533.455	-	-	530.533.455
Veltufjármunir	101.727.272	110.000.000	105.000.000	105.000.000	-	-	105.000.000
Birgðir	355.670.242	254.656.988	450.000.000	250.000.000	-	-	250.000.000
Viðskiptakröfur	367.430.043	163.673.574	485.278.642	701.561.603	5.219.758	850.000.000	1.556.781.361
Handbært fé				-	-	-	-
Veltufjármunir samtals	824.827.557	528.330.562	1.040.278.642	1.056.561.603	5.219.758	850.000.000	1.911.781.361
Eignir samtals	3.052.087.148	2.900.087.060	3.070.995.024	2.839.395.025	5.219.758	1.000.000.000	3.844.614.783
Eigið fé og skuldir							
Eigið fé 1/1	-364.389.794	-285.761.699	-160.827.697	54.635.468	-	-	54.635.468
Stofnfé	203.562.097	102.164.076	106.192.229	0	5.219.758	1.000.000.000	1.000.000.000
Rekstrarafkoma ársins	-160.827.697	-183.937.623	-54.635.468	54.635.468	5.219.758	1.000.000.000	950.584.290
Eigið fé samtals	-160.827.697	-183.937.623	-54.635.468	54.635.468	5.219.758	1.000.000.000	950.584.290
Skuldbindingar	276.343.799	241.160.503	264.928.539	259.547.040	-	-	259.547.040
Lífeyrisskuldbinding	-11.415.260	-5.381.439	-	6.000.000	-	-	6.000.000
Gjaldert				-	-	-	-
Skuldbindingar samtals	264.928.539	241.160.503	259.547.040	253.547.040	-	-	253.547.040
Langtímaskuldir	1.738.903.620	1.753.776.519	1.684.591.020	1.616.083.452	-	-	1.616.083.452
Langtímaskuldir	107.890.617	121.920.643	119.868.034	119.600.000	-	-	119.600.000
Afborgun	53.578.017	76.000.000	51.360.466	44.000.000	-	-	44.000.000
Verðbætur				-	-	-	-
Langtímaskuldir samtals	1.684.591.020	1.706.855.876	1.616.083.452	1.540.483.452	-	-	1.540.483.452
Skammtímaskuldir	1.263.395.286	1.135.668.305	1.250.000.000	1.100.000.000	-	-	1.100.000.000
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir				1.100.000.000	-	-	1.100.000.000
Skammtímaskuldir samtals	1.263.395.286	1.135.668.305	1.250.000.000	1.100.000.000	-	-	1.100.000.000
Eigið fé og skuldir samtals	3.052.087.148	2.900.087.061	3.070.995.024	2.839.395.024	5.219.758	1.000.000.000	3.844.614.782
Sjóðstreymi	2024 Raun	2024 Raun	Útkomuspá 2025	PTO	PANT	PTA	Áætlun 2026
Rekstrarafkoma (-tap)	203.562.097	102.164.076	106.192.229	0	5.219.758	-	5.219.758
Afskrifir	245.276.268	228.005.184	228.005.184	220.000.000	-	-	220.000.000
Verðbætur og gengismunur	53.578.017	75.000.000	51.360.466	44.000.000	-	-	44.000.000
Breyting lífeyrisskuldbindinga	39.741.019	-12.000.000	27.882.960	27.882.960	-	-	27.882.960
Veltufé frá rekstri	542.157.401	393.169.260	413.440.839	291.882.960	5.219.758	-	297.102.718
Birgðir lækkun (hækkun)	3.423.731	0	-3.272.728	-	-	-	-
Viðskiptakröfur lækkun (hækkun)	74.013.556	0	-94.329.758	200.000.000	-	1.000.000.000	1.200.000.000
Viðskiptaskuldir lækkun (hækkun)	-319.621.599	27.882.960	-18.776.785	156.000.000	-	-	156.000.000
Handfært fé frá rekstri	-242.184.312	-116.379.271	-	44.000.000	-	1.000.000.000	1.044.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumunum	-195.003.034	-455.000.000	-59.344.935	-	-	150.000.000	150.000.000
Sóluverð seldra rekstrarfjárumuna	-	-	-	-	-	-	-
Fjárfestingahreyfingar	-195.003.034	-455.000.000	-59.344.935	-	-	150.000.000	150.000.000
Afborgunir	-107.890.617	-121.920.643	-119.868.034	119.600.000	-	-	119.600.000
Fjármögnunafhreyfingar	-107.890.617	-121.920.643	-119.868.034	119.600.000	-	-	119.600.000
Breyting á handbæru fé (lækkun), hækkun	-2.920.562	-155.868.423	117.848.599	216.282.960	5.219.758	850.000.000	1.071.502.718
Handbært fé í ársbyrjun	370.350.143	319.541.997	367.430.043	485.278.642	-	-	485.278.642
Handbært fé í lok tímabils	367.430.043	163.674.036	485.278.642	701.561.602	5.219.758	850.000.000	1.556.781.360

Strætó bs. kt. 500501-3160 (**Strætó**) og **Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.** kt. 651125-0220 (**ASH**), gera hér með með sér eftirfarandi;

-SAMSTARFSSAMNING-

um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu

1. Lagalegur grundvöllur og gildistími

- 1.1. Samningur þessi lýtur að samstarfi tveggja hliðsettra opinberra aðila um rekstur almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu og fellur því utan gildissviðs laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, sbr. 3. mgr. 13. gr. þeirra laga.
- 1.2. Um er að ræða tímabundið samstarf sem hefur það að markmiði að ljúka þátttöku opinberra aðila í efnahagslegri starfsemi á sviði almenningssamgangna.
- 1.3. Gildistími þessa samstarfssamnings skal vera allt að þrjú ár frá undirritun hans. Aðilar geta framlengt hann að fengnu samþykki eigenda sinna. Samningurinn fellur sjálfkrafa niður ef markmiðum hans um flutning verkefna Strætó til ASH er náð fyrir lok gildistíma hans.

2. Orðskýringar

- 2.1. Tilvísun til „eigenda“ aðila í samningi þessum merkir annars vegar bæjar- og borgarráð þeirra sveitarfélaga sem standa að Strætó og hins vegar hluthafafund ASH.
- 2.2. Með „almenningssamgöngukerfi“ er í samningi þessum átt við það kerfi strætisvagna sem Strætó hefur rekið undanfarin ár á höfuðborgarsvæðinu.

3. Forsendur og markmið

- 3.1. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. *Samkomulags um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald* sem Íslenska ríkið annars vegar og Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðar-kaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær hins vegar, gerðu með sér þann 21. ágúst 2024, eru þessir aðilar sammála um að koma á fót félagi um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Félagið ASH hefur verið stofnað á þessum grunni.
- 3.2. Framangreint samkomulag felur í sér þá formbreytingu að ASH mun taka yfir allan rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem Strætó hefur hingað til annast. Þrátt fyrir þessa formbreytingu verður engin efnisleg breyting á því að reksturinn mun áfram hvíla á samskonar rekstrarstuðningi frá sömu aðilum, sem jafnframt eru eigendur ASH, og stutt hafa rekstur Strætó um árabíl.
- 3.3. Framangreind yfirtaka á rekstri almenningssamgöngukerfis er viðamikið verkefni. Sérstaklega þar sem að ASH hyggst bjóða út allan akstur sem Strætó hefur hingað til sinnt með eigin vögnum. Samstarfssamningur þessi lýtur að því að aðilar hans annist rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu í sameiningu þar til að ASH hefur náð að taka yfir allt samgöngukerfið m.a. með því að framkvæma öll nauðsynleg útboð.
- 3.4. Markmið þessa samstarfssamnings er tvíþætt: Annars vegar að skipulag og rekstur almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu verði alfarið á hendi ASH og hins vegar að Strætó hverfi alfarið af þeim vettvangi.

4. Yfirtaka eigna og verksamninga

- 4.1. Um yfirtöku ASH á eignum Strætó, verksamningum verður fjallað í sérstökum samningum milli aðila.

5. Samstarf um rekstur almenningssamgöngukerfis

5.1. Strætó annast á gildistíma þessa samnings rekstur eftirfarandi leiða í leiðakerfi almenningssamgöngukerfisins skv. fyrirliggjandi leiðakerfi og tímaáætlun sem ASH leggur til og stjórnar:

- 1) Leið 1
- 2) Leið 3
- 3) Leið 6
- 4) Leið 8
- 5) Leið 18
- 6) Leið 22
- 7) Leið 23
- 8) Leið 31

5.2. ASH leggur til tímasetta áætlun um yfirtöku sína á einstökum leiðum sem tilgreindar eru í 5.1 á gildistíma þessa samstarfssamnings.

5.3. Verði breytingar á leiðakerfi almenningssamgöngukerfisins innleiddar á gildistíma samstarfssamningsins sem áhrif hafa á þær leiðir sem Strætó hefur á sinni hendi að reka þá skal Strætó aðlaga starfsemi sína að slíkum breytingum innan þeirra marka sem mögulegt er.

5.4. Fyrir liggur að rekstrartæki s.s. farþegavagnar sem Strætó mun nýta í sínum rekstri eru mörg hver komin á tíma og munu úreldast við lok þessa samstarfssamnings. Þetta er líklegt til að valda hærri bilanatíðni en venjulegt getur talist og auknum kostnaði í rekstri. Aðilar eru sammála um að leita í sameiningu leiða til lágmarka neikvæð áhrif af þessu. Aðilar eru sammála um að kostnaður sem af þessu kann að hljóttast sé hluti af rekstri almenningasamgöngukerfis höfuðborgarsvæðisins.

6. Fjárhagslegar forsendur

6.1. Sveitarfélög í eigendahópi og íslenska ríkið munu sem fyrr standa straum af kostnaði við rekstur almenningssamgöngukerfisins á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. greiða rekstrarkostnað sem er umfram tekjur af sölu farmiða.

- 6.2. Samhliða þessum samningi verður undirritaður sérstakur þjónustusamningur milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og íslenska ríkisins annars vegar og hins vegar ASH. Í þjónustusamningnum eru forsendur og markmið þessa viðvarandi styrkjakkerfis raktar, þ.m.t. kröfur um gæði og hagkvæmni. Sá þjónustusamningur gerir ráð fyrir því tímabundna samstarfi sem þessi samstarfssamningur fjallar um og með honum er ASH falið að annast millifærslu þeirra fjármuna sem sveitarfélögin og íslenska ríkið leggja Strætó til vegna þess hluta almenningsamgöngukerfisins sem Strætó rekur.
- 6.3. Tekjur ASH og Strætó vegna reksturs almenningsamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu skulu því sem fyrr vera tvíþættar, annars vegar hlutfallsleg hlutdeild hvors fyrirtækis um sig í tekjum af farmiðasölu og hins vegar styrkir frá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og íslenska ríkinu.
- 6.4. Hvor samstarfsaðila skv. samningi þessum skal greiða þann rekstrarkostnað sem til fellur vegna þess hluta almenningsamgöngukerfisins sem þeir bera ábyrgð á og jafnframt hlutfallslega hlutdeild í sameiginlegum kostnaði s.s. kostnaði við miðlægt þjónustu og leiðakerfi.
- 6.5. Strætó skal leggja fram rekstraráætlun fyrir allan samningstímamann byggða á forsendum sem fram koma í tímasettri áætlun ASH um yfirtöku einstakra akstursleiða, sbr. lið 5.2. Áætlun Strætó skal uppfærð a.m.k. árlega eða eftir því sem við á. Áætlun Strætó skal kynnt eigendum Strætó sérstaklega en jafnframt vera hluti af rekstraráætlun ASH.
- 6.6. Tekjur sem Strætó kann að hafa af annarri starfsemi en rekstri almenningsamgöngukerfis, s.s. rekstri akstursþjónustu fyrir fatlaða skal haldið sérgreindum í bókhaldi Strætó og alfarið utan við samstarf skv. samningi þessum.
- 6.7. Þessum samningi er ekki ætlað að stofna til neinskonar ábyrgðar aðila á skuldbindingum hvors annars eða rekstri.

7. Stjórnun samstarfs

- 7.1. Svo sem fram er komið annast Strætó á sína ábyrgð rekstur nánar tiltekinna leiða í almenningssamgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins, sbr. lið 5.1, tímabundið, sbr. áætlun í lið 5.2 og á þeim fjárhagslegu forsendum sem raktar eru í 6. gr. þessa samnings. Aðrir hlutar almenningssamgöngukerfisins eru reknir í ábyrgð ASH.
- 7.2. ASH hefur fullt forræði á og gerir ráðstafanir til þess að tryggja miðlæga stjórnun almenningssamgöngukerfisins.
- 7.3. Ákvarðanir ASH sem varðað geta þær forsendur sem Strætó vinnur eftir skv. samningi þessum skulu kynntar stjórnendum Strætó með góðum fyrirvara og þannig að framkvæmd þeirra valdi ekki raski á þjónustu Strætó.
- 7.4. Samskipti vegna rekstrar þessa samstarfssamnings skulu vera á hendi framkvæmdastjóra samningsaðila eða starfsmanna sem þeir vísa á.

8. Ágreiningsmál

- 8.1. Komi upp ágreiningur milli samstarfsaðila skulu þeir í lengstu lög leitast við að leysa hann sín á milli eða eftir atvikum með aðstoð ráðgjafa.
- 8.2. Ef sættir takast ekki skal leitað til Stýrihóps sem starfar skv. gr. 2.2 í þjónustusamningi milli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og hinsvegar ASH, dags. [dagseting], um úrlausn ágreinings.
- 8.3. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. Breytingar á samstarfssamningi

9.1. Ef samningsaðilar eru sammála um að breyta samningi þessum geta þeir gert það með undirritun viðauka við hann að fengnu samþykki stjórnar og eftir atvikum eigenda sinna.

10. Samningslok

10.1. Um gildistíma og samningslok fer skv. lið 1.3.

10.2. Samningsaðilar skulu undirrita sameiginlega yfirlýsingu um að markmiðum samstarfsins, sbr. lið 3.4, hafi verið náð.

10.3. Ef markmiðum samstarfsins hefur ekki verið náð en aðilar óska eftir að binda enda á samstarfið engu að síður skal slíkt heimilt en einungis að fengnu samþykki eigenda aðila.

11. Fyrirvari

11.1. Aðilar undirrita samning þennan með fyrirvara um samþykki stjórnar beggja fyrirtækja og eigenda Strætó bs.

Þannig gert í Reykjavík þann _____

F.h. Strætó bs.

F.h. Almenningsgangna á
höfuðborgarsvæðinu ohf.

NN.

NN

Aðilar undirrita samning þennan með fyrirvara um samþykki stjórnar beggja fyrirtækja.



Viðtakandi: Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar
Sendandi: Borgarlögmaður

Reykjavík, 16. mars 2026

MSS26030018

UMSÖGN

Þjónustusamningur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. og samstarfssamningur milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Með tölvuskeyti, dags. 10. mars 2026, óskar skrifstofa borgarstjórnar eftir umsögn borgarlögmanns um tillögu borgarstjóra, dags. 10. mars 2026, um að samþykkt verði fyrirbyggjandi drög að þjónustusamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. (hér eftir nefndur þjónustusamningurinn) og að borgarstjóra verði veitt fullt umboð til undirritunar samningsins. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir nefndur samstarfssamningurinn). Í þjónustusamningnum eru sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins og íslenska ríkið sameiginlega nefnd verkkaupar en Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. nefndur verksali.

Eftirfarandi er umbeðin umsögn borgarlögmanns en hún er sett fram með þeim fyrirvara að afar skammur tími gafst til yfirferðar.


Markmið um fjarlægð frá stoppistöð

Í f. lið greinar 1.2 þjónustusamningsins kemur fram að á meðal markmiða þjónustusamningsins sé að eigi síðar en árið 2040 búi 70% íbúa í innan við 400 metra fjarlægð frá stoppistöð leiðar með að minnsta kosti 10 mínútna tíðni á annatíma.

Um er að ræða metnaðarfullt markmið sem að auki er tímasett og felur því í sér umtalsverða skuldbindingu og væntanlega samsvarandi fjárframlög af hálfu verkkaupa, ef það á að ná fram að ganga, sem hugsanlega er umfram það sem verkkaupar hafa undanfarin ár greitt til Strætó bs. Ekki verður ráðið af fyrri samningum verkkaupa að þeir hafi gengist undir samningsskuldbindingu þessa efnis og er því um að ræða nýja samningsskuldbindingu sem í ofanálag verður ekki skýrt ráðin af samgöngusáttmála, viðaukum við hann eða samkomulagi um rekstur almenningsamgangna, stjórnskipulag og veghald, dags. 21. ágúst 2024. Þar sem samningsákvæðið felur í sér nýja samningsskuldbindingu er rétt að kostnaðarmeta hana sérstaklega.

Samstarf við Strætó bs.

Samkvæmt grein 1.4 í drögum þjónustusamningsins kemur fram að mikilvægur þáttur í verkefninu sé að verksali taki yfir rekstur leiðakerfis Strætó bs. ásamt völdum eignum. Nánari ákvæði um þessa yfirtöku er að finna í greinum 3.7 til 3.9 í þjónustusamningi um samstarf við Strætó bs. Í fyrirbyggjandi drögum að samstarfssamningi kemur fram að



samningurinn falli utan við gildissvið laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, sbr. 3. mgr. 13. gr. laganna. Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. mgr. 34. gr. tilskipunar nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (veitutilskipunin) en ætla má að báðir framangreindir samningar eigi undir veitutilskipunina, sbr. 1. mgr. 11. gr. hennar.


Við yfirferð má ætla að umrædd skilyrði 3. mgr. 13. gr. laga um opinber innkaup eða eftir atvikum sams konar skilyrði sem koma fram í 3. mgr. 34. gr. veitutilskipunar séu uppfyllt. Það er þó sett fram með þeim fyrirvara að borgarlögmaður hefur ekki rýnt lagalega þetta atriði en væntir þess að SSH sem samningsaðili fyrir hönd aðildarsveitarfélaga hafi þegar látið greina þetta atriði lagalega sem og atriði sem varða hugsanlega ríkisaðstoð sem kann að felast í samningunum.

Gildistími og lok þjónustusamnings

Samkvæmt grein 7.1 í drögum þjónustusamningsins kemur fram að samningnum sé ætlað að taka gildi 1. janúar 2026 og gilda til 31. desember 2027. Eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok gildistíma samnings þessa skuli aðilar hafa gert uppfærðan samning sín á milli. Skal miðað við að gildistími þess uppfærða samnings verði fimm ár. Aftur á móti er í ákvæði greinar 7.4 tekið fram að þótt samningur þessi sé tímabundinn og uppsegjanlegur þá gera verkkaupar sér grein fyrir því að óhjákvæmilegt er að verksali geri samninga sem kunni að hafa lengri gildistíma og uppsagnarfresti, svo sem vegna aksturs, uppbyggingar innviða og leigu á húsnæði. Almennt skal þó miðað við að gildistími slíkra samninga sé ekki lengri en til tíu ára.

Rétt er að vekja athygli á því að framangreint kann að hafa í för með sér að Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu ohf. geri samninga sem ekki er tryggð fjármögnun fyrir út gildistíma þeirra. Í grein 7.2 þjónustusamningsins er þó reynt að koma í veg fyrir að það geti raungerst með því að mæla fyrir um sjálfkrafa framlengingu til sex mánaða í senn hafi ekki verið gerður nýr samningur. Í þjónustusamningnum er þó ekki mælt fyrir um uppgjör á milli aðila komi til þess að þjónustusamningi sé sagt upp.

Fyrir hönd borgarlögmanns,



Theódór Kjartansson
lögmaður



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 18. mars 2026

MSS26030018

UMSÖGN

Um þjónustusamning sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. (ASH ohf.) og samstarfssamning Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.

Fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS) hefur fengið til umsagnar erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vegna samninga sem liggja fyrir í drögum til afgreiðslu í borgarráði. Annars vegar þjónustusamning sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins (verkkaupi) við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. (verksali) og hins vegar samstarfssamning milli Strætó bs. og Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.

Um þjónustusamninginn

Þjónustusamningurinn er gerður á grundvelli samkomulags aðila frá 21. ágúst 2024 um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Markmið samningsins eru skilgreind með ítarlegum hætti og afmarka meðal annars vilja samningsaðila til þess að byggja upp hágæða almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu til samræmis við Nýtt leiðarnet og framtíðarskipulag almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins.

Verksali tekur með samningnum yfir rekstur þess leiðakerfis sem Strætó bs. hefur rekið ásamt völdum eignum sem því fylgja. Fram kemur að sérstakir samningar verði gerðir um yfirfærslu eigna annars vegar og tímabundið samstarf um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Síðari samningurinn liggur fyrir og er til umfjöllunar hér ásamt þjónustusamningnum.

Í þjónustusamningnum er umgjörð um samskipti aðila skilgreind. Til samræmis við hluthafasamkomulag er skipaður sérstakur stýrihópur með aðkomu stjórnar SSH, borgarstjóra og innviðaráðherra sem hefur aðkomu að stefnumótandi ákvörðunum og verulegum breytingum sem kunna að hafa áhrif á kostnað við samninginn. Þá er skipaður samráðshópur með fulltrúum allra eigenda, ríkis og sveitarfélaga. Samráðshópurinn kemur fram fyrir hönd verkkaupa gagnvart verksala, tryggir eftirfylgni með áætlunum og markmiðum á grundvelli samningsins. Ber samráðshópurinn ábyrgð á upplýsingagjöf til verkkaupa myndist frávik frá áætlunum og árangursviðmiðum.

Meginhlutverk verksala samkvæmt samningnum er „að veita þjónustu á sviði almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu“. Þjónustan er ekki skilgreind með tæmandi hætti í samningum, en fjölmargir þættir ávarpaðir, svo sem: skipulag og rekstur



Reykjavík



leiðanets; innleiðing Nýs leiðarnets; að framkvæma útboð og innkaup m.a. vegna aksturs; að þróa og stuðla að notendavænum tækni- og þjónustulausnum; o.fl. Þá er lögð áhersla á samstarf við Betri samgöngur ohf., sveitarfélögin, Vegagerðina og fleiri aðila eftir atvikum um þróun á uppbyggingu innviða. Samstarf við Betri samgöngur ohf. og Strætó bs. er skilgreint sérstaklega í samningnum.

Samstarf við Strætó bs. felur í sér að verksali tekur yfir í áföngum rekstur þeirra verkefna sem Strætó bs. hefur haft með höndum, sbr. samstarfssamninginn milli ASH ohf. og Strætó bs. Fram kemur að á meðan samstarf verksala og Strætó bs. er um reksturinn ábyrgjast verkkaupar fjármögnun beggja aðila með sama hætti og áður.

Verkkaupar leggja verksala til fjármagn í samræmi við samkomulag aðila frá 21. ágúst 2024, sem á að tryggja fjármögnun miðað við áætlaðan heildarkostnað að frádregnum áætluðum fargjaldatekjum og eftir þeim reglum og takmörkunum sem í samningnum felast. Greiðslur skulu vera í samræmi við fjárhagsáætlanir verksala. Fjárveitingar ríkisins eru ákvarðaðar í fjárlögum og fjárveitingar sveitarfélaganna í fjárhagsáætlunum þeirra, eins og kveðið er á um í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Skal rekstur rúmast innan fjárheimilda ár hvert og gripið til hagræðingaraðgerða eftir því sem unnt er stefni kostnaður umfram áætlanir. Í samningnum er ákvæði sem verkkaupar geta gripið til ákveði þeir að breyta fjármögnun samningsins og skal verksali þá upplýstur tafarlaust.

Gildistími samningsins er tvö ár, þ.e. frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2027. Greiðslur sveitarfélaga vegna rekstraráranna 2026 og 2027 fara eftir sama fyrirkomulagi og hlutföllum og framlag þeirra til Strætó bs. á árinu 2025. Í því felst að engar breytingar á fyrirkomulagi kostnaðarskiptingar sveitarfélaganna virkjast að svo stöddu, enda áorðnar breytingar á þjónustu að mestu takmarkaðar við aukna tíðni á stofnleiðum. Þegar Nýtt leiðarnet verður tekið í notkun, má búast við að kostnaðarskipting breytist í átt að því að taka mið af íbúafjölda sveitarfélaga. Uppfærður samningur milli aðila skal liggja fyrir við lok samningstíma, þ.e. undir lok árs 2027 og miðað við að hann gildi í fimm ár.

Um samstarfssamninginn

Samstarfssamningurinn er samningur ASH ohf. og Strætó bs. um sameiginlegan rekstur almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn fellur utan við gildissvið laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, sbr. 3. mgr. 13. gr. þeirra laga. Gildistími samningsins er allt að þrjú ár.

Samningurinn byggir á *Samkomulagi um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald* sem ríkið og sveitarfélögin gerðu með sér þann 21. ágúst 2024. Samkomulagið gerir ráð fyrir að nýtt félag ASH ohf. taki yfir allan rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem Strætó bs. hefur annast hingað til.

Samstarfssamningurinn lýtur að því að aðilar hans annist í sameiningu rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, en markmið hans til framtíðar er að skipulag og rekstur almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu verði alfarið á hendi ASH ohf. og Strætó bs. hverfi alfarið af þeim vettvangi.



Í samningum eru tilgreindar akstursleiðir samkvæmt fyrirbyggjandi leiðakerfi sem Strætó bs. mun annast á gildistíma samningsins. Gert er ráð fyrir að ASH ohf. leggi fram tímasetta áætlun um yfirtöku á einstökum leiðum. Aðrir hlutar almenningssamgöngukerfisins eru reknir á ábyrgð ASH ohf. Þá hefur ASH ohf. fullt forræði á og gerir ráðstafanir til þess að tryggja miðlæga stjórnun kerfisins.

Sérstaklega er tekið á þeirri staðreynd að rekstrartæki s.s. farþegavagnar sem Strætó bs. mun nýta í rekstri, eru mörg hver komin á tíma og úreldast við lok þessa samstarfssamnings. Tekið er á því í samningnum að kostnaður sem af þessu kann að hljóttast sé hluti af rekstri almenningssamgöngukerfis höfuðborgarsvæðisins. Er því gert ráð fyrir að sveitarfélögin sem að Strætó standa, beri ekki sérstök viðbótarútgjöld vegna þessa.

Fjárhagsákvæði samstarfssamningsins gera ráð fyrir að ASH ohf. sé falið að annast millifærslu fjármuna sem sveitarfélögin og ríkið leggja Strætó bs. til vegna þess hluta kerfisins sem Strætó bs. rekur. Í því felst hlutfallsleg hlutdeild hvors fyrirtækis fyrir sig í tekjum af farmiðasölu og rekstrarframlagi ríkis og sveitarfélaga. Hvor aðili greiðir þann rekstrarkostnað sem til fellur vegna þess hluta leiðkerfisins sem þeir bera ábyrgð á og hlutfallslega hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, svo sem kostnaði við miðlæga þjónustu og leiðakerfi. Tekjur sem Strætó bs. hefur af annarri starfsemi, s.s. rekstur aksturþjónustu fyrir fatlað fólk skal haldið sérgreindum í bókhaldi Strætó bs. og alfarið vera utan við samstarf samkvæmt samningi þessum.

Ábendingar og helstu áhættur

Fyrirbyggjandi samningar hafa lengi verið í undirbúningi og ljóst að öll samningagerð hefur verið flókin og tímafrek, en af ýmsum ástæðum hefur stofnun nýs félags um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu tafist og yfirtaka félagsins á verkefnum sem hingað til hafa verið hjá Strætó bs. gengið hægar en vonir stóðu til. Það er fagnaðarefni að fyrirbyggjandi samningar séu fram komnir og nú þarf með skipulegum hætti að takast á við þau verkefni sem snúa að Strætó bs., samdrætti í rekstri félagsins, niðurlagningu á starfsemi einstakra starfspátta og undirbúa framtíð þjónustupátta sem eftir standa.

Í samstarfssamningnum hefur verið teiknuð upp nokkuð skýr mynd af útfösun á umfangi og rekstri Strætó bs. og flutningi verkefna til ASH ohf. Í grein 5.2 er kveðið á um að ASH ohf. leggi til tímasetta áætlun um yfirtöku á einstökum leiðum í rekstri Strætó bs. sem tilgreindar eru í grein 5.1 og er mikilvægt að gera kröfu um að sú vinna verði sett í forgang.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur jafnframt áherslu á að strax eftir undirritun samninga verði sett af stað vinna við að gera tímasetta áætlun fyrir rekstur Strætó bs. eins og kveðið er á um í grein 6.5. um yfirfærslu verkefna til að lágmarka kostnað sem óhjákvæmilega fylgir rekstri tveggja félaga. Er því beint til stjórnar Strætó bs. að setja sér markmið um að öll verkefni sem flytja á í nýtt félag verði komin í rekstur hjá ASH ohf. eigi síðar en 31.12.2027.





Bent er á mikilvægi þess að aðkoma Reykjavíkurborgar sé skýr vegna útfösunar á rekstri Strætó bs. en fjárhags- og rekstrarlegir hagsmunir borgarinnar eru umtalsverðir bæði vegna verkefna sem fara yfir í nýtt félag og verkefna sem eftir standa, þ.e. rekstur PANT akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða.

Fyrirliggjandi samningar gera ráð fyrir að allur kostnaður við rekstur Strætó bs. verði greiddur með framlögum eigenda að frátöldum fargjaldatekjum eins og verið hefur, að undanskildum eldri greiðslum vegna lána og lífeyrisskuldbindinga og akstri vegna fatlaðs fólks, allt þar til unnt verður að loka þeim rekstri sem snýr að hlutverki ASH ohf. Gert er ráð fyrir 2-3 árum í því sambandi. Sveitarfélögin bera fulla ábyrgð á rekstri Strætó bs. og þeim skuldbindingum sem til staðar eru í efnahag félagsins. Mikilvægt er að hefja nú þegar greiningu á þeim þáttum sem munu standa eftir þegar rekstur almenningsamgangna verður alfarið kominn yfir í nýtt félag, ákveða framtíðar rekstrarfyrirkomulag og gera áætlun um hvernig tekist verður á við fjárhagslegar skuldbindingar sem eftir standa.

Nú þegar nýir samningar taka gildi og leiðakerfin færast smán saman yfir til ASH ohf. fylgir því áhætta að Strætó bs. geti haldið úti mönnun og þjónustu verkefna út samningstímamann. Útfösun verkefna þarf því að skipuleggja afar vel í samstarfi við starfsmenn og stjórnendur Strætó bs. sem verða að finna sig örugga innan þeirra tímamarka sem sett eru og tryggja þeim ákveðinn fyrirsjáanleika vegna starfa sinna. Mikilvægt er að sveitarfélögin hafi aðkomu að þessu viðfangsefni eða tryggi með einhverjum hætti að Strætó bs. fái aðstoð við það.

Á sama tíma þarf breytt hlutverk stjórnar og umboð Strætó bs. að vera skýrt, t.d. hvað varðar heimildir félagsins til að taka á sig viðbótarskuldbindingar. Félaginu ber að fara afar varlega og vanda sig, enda gert ráð fyrir að allar viðbætur í rekstri og þjónustu verði ákvarðaðar og fjármagnaðar af nýja félaginu. Ef upp koma undantekningartilvik og taka þarf ákvarðanir sem fara gegn þessari nálgun, þarf umboð stjórnar og stjórnenda að vera skýrt.

Með samningnum fylgir gildandi áætlun ársins 2026 fyrir rekstur Strætó bs. og ASH ohf. skipt niður á rekstur Strætó bs. (PTO), PANT, og ASH ohf. (PTA). Samkvæmt samningi skal áætlun ársins 2027 liggja fyrir þann 1. ágúst 2026. Lögð er áhersla á að áætlunin verði rýnd með ítarlegum hætti. Mikilvægt er að uppbygging ASH ohf. taki mið af hagkvæmni og þeim forsendum sem lágu til grundvallar samkomulags aðila frá ágúst 2024, þannig að framlög eigenda verði í samræmi við áætlanir. Samkvæmt samningi skal áætlunin samþykkt af hálfu eigenda innan þriggja mánaða, þ.e. fyrir 1. nóvember 2026. Á sama tíma er brýnt að Reykjavíkurborg rýni vel þá valkosti sem til staðar eru og taki afstöðu til þess í hvaða farveg þjónusta PANT fari í nánustu framtíð, nú þegar fyrirséðar eru miklar breytingar á rekstri Strætó bs.

Gert er ráð fyrir að fyrirliggjandi þjónustusamningur gildi til ársloka árið 2027. Þetta er því í raun skammtímasamningur. Rök samningsaðila fyrir því að gera skammtímasamning eru að sögn þau að nýtt félag er að stíga sín fyrstu skref í viðamiklu verkefni um rekstur á breyttu almenningsamgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins. Margt getur komið upp á



Þessum fyrstu mánuðum sem getur þurft að takast á við í nýjum samningi. Á sama tíma þurfa sveitarfélögin að loka starfsemi Strætó bs. að því leyti sem verkefni flytjast til ASH ohf. Gert er ráð fyrir að nýr samningur verði tilbúinn þremur mánuðum áður en þessi samningur rennur út. Mikilvægt er að tryggja að viðræður milli eigenda fari tímanlega af stað eða eigi síðar en vorið 2027, eigi tímamörk að standast.

Fulltrúar fjármála- og áhættustýringarsviðs áttu fund með fulltrúum SSH í samninganefnd ríkis og sveitarfélaga um almenningsamgöngur til yfirferðar á fyrirliggjandi samningsdrögum, þar sem farið var með ítarlegum hætti yfir þætti sem snúa að skuldbindingum sveitarfélaganna, helstu áhættum og einstökum atriðum samningsins. Fengu fulltrúar sviðsins ítarleg og tæmandi svör við spurningum sínum og byggir umsögn FAS á fyrirliggjandi samningum og upplýsingum sem komu fram á fundi með samninganefnd SSH.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

